

FUNDARGERÐ

592. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2019, fimmtudaginn 19. september, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Drífa Bjarnadóttir, Ingi Már Björnsson, Ragnheiður Högnadóttir og Páll Tómasson.

Að auki sátu fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri, sem ritaði fundargerðina í tölvu, og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi að hluta.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og leitaði afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

II – 4 Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstraleyfi fyrir S-Götur fnr. 218-8511 til sölu gistingar í flokki II gistiskáli.

Afbrigðin samþykkt.

Þetta var tekið fyrir:

1. Verkefni sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

2. Fundargerð skipulagsnefndar Mýrdalshrepps.

George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi sat fundinn undir þessum lið.

Lögð fram fundargerð 272. fundar skipulagsnefndar Mýrdalshrepps, haldinn 16. september 2019.

Eftirfarandi liðir fundargerðarinnar eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

2.1. Sléttuvegur 2 og 2a – Umsókn um stöðuleyfi.

Nefndin samþykkti umsókn Egils Örylgssonar f.h. Fasteignafélagsins Skuldar ehf. um stöðuleyfi fyrir vinnubúðir og gám við Sléttuveg 2 og 2A.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

2.2. Höfðabrekka – Umsókn um stofnun lóðar.

Nefndin samþykkti umsókn Bernhards Bogasonar f.h. Kötlu Eignarhaldsfélags ehf. um leyfi fyrir stofnun lóðar úr upprunalandi Höfðabrekku.

Sveitarstjórn leggur til að málinu verði frestað og umsagnar leitað hjá landbúnaðarráðuneyti vegna álitamála sem snerta lögbýlisrétt.

2.3. Skeiðflöt – Umsókn um byggingarleyfi.

Nefndin samþykkti umsókn Vigfúsar Þórs Hróbjartssonar f.h. Skeiðflatar ehf. um leyfi til breytinga á flóttaleið efri hæðar.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

2.4. Austurhluti Víkur, lýsing fyrir breytingu á aðaskipulagi.

Nefndin samþykkti skipulagslýsinguna og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa skv. 30. Gr. skipulagslaga.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.

George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi viku af fundi.

3. Fundargerð fræðslunefndar.

Lögð fram til kynningar fundargerð 247. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps, haldinn 3. september 2019.

4. Umsagnarbeiðnir.

4.1. Fram var lögð beiðni um umsögn frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um tækifærisleyfi í Leikskálum frá Sonus viðburðir ehf.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

4.2. Fram var lögð beiðni frá björgunarsveitinni Víkverja um umsögn vegna umsóknar um leyfi til skoteldasýningar. Sýningin færi fram þann 12.10.2019 kl. 21:00, á eystri bakka Víkurár. Sýningin er í tilefni af 50 ára afmæli Víkverja.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

4.3. Fram var lögð beiðni um umsögn frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir S-G-tur fnr. 218-8511 til sölu gistingar í flokki II gistiskáli frá Undanfari ehf., kt. 700500-2920, ábygðarmaður Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir kt. 040479-2959.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

5. Styrkbeiðni.

Fram var lagt erindi frá Ómari Smára Kristinssyni sem óskar eftir styrk að upphæð 40.000- kr. vegna útgáfu bókarinnar „Hjólabókin – 6. bók: Skaftafellssýslur“. Fram lagðar til kynningar á fundinum „4. bók – Árnessýsla“ og „5. bók – Rangárvallasýsla“.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við styrkbeiðninni.

6. Ungmennaráð Mýrdalshrepps.

6.1. Fram voru lögð til annarrar umræðu drög að samþykkt fyrir ungmennaráð Mýrdalshrepps.

Gerð er tillaga að breytingu á 5. Gr. Samþykktarinnar, í stað orðanna „ að tillögu ungmennaráðs“ komi „ að tillögu íþróttá- og tómstundanevndar.

Sveitarstjórn samþykkir drögin við aðra umræðu.

6.2. Fram voru lögð drög að erindisbréfi fyrir ungmennaráð Mýrdalshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir drögin.

7. Dægradvöl í Víkurskóla.

Fram voru lögð drög að reglum fyrir dægradvöl í Víkurskóla og drög að gjaldskrá fyrir skólaárið 2019-2020.

Sveitarstjóri leggur fram breytt drög að gjaldskránni. Stakt gjald fyrir dagvistun er 1.366 kr. og fyrir síðdegishressingu 452 kr.

Sveitarstjórn staðfestir drögin.

8. Framkvæmdir Vegagerðarinnar á Austurvegi 2020.

Fram var lögð tillaga þar sem lagt er til við Vegagerðina að hafin verði hönnun á hringtorgi á Austurvegi í Vík og að framkvæmdin verði sett á áætlun næsta árs.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna með smávægilegum orðalagsbreytingum.

9. Úthlutun íbúða í almenna leiguíbúðakerfinu.

Teknar til umræðu umsóknir um íbúðir í almenna leiguíbúðakerfinu.

Sveitarstjórn samþykkir að úthluta Árnýju Hlín Sigurðardóttur og Stefáni Daníel Kristjánssyni Austurveg 35 og að úthluta Elsu Líf Bjarnadóttur og Axel Bóasi Andréssyni Austurveg 31.

10. Húsnæðisáætlun fyrir Mýrdalshrepp.

Fram var lagt minnisblað og kostnaðaráætlun frá VSÓ ráðgjöf um gerð húsnæðisáætlunar fyrir Mýrdalshrepp.

Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra heimild til þess að ganga frá verksamning við VSÓ ráðgjöf á grundvelli fyrirbyggjandi kostnaðaráætlunar.

11. Viðauki við fjárhagsáætlun.

Fram var lögð tillaga að 4. viðauka við fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps fyrir árið 2019.

Útgjöldum að fjárhæð 30,4 millj. kr. er mætt með lækkun á fjárfestingu um 72,6 millj. kr. Handbært fé í ársbyrjun er sett í raunstöðu skv. ársreikning 2018, lækkun um 44,4 millj. kr.

Sveitarstjórn samþykkir 4. viðauka við fjárhagsáætlun 2019.

12. Breyting á samþykkt um stjórn og fundarsköp.

Fram voru lögð til fyrri umræðu drög að breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að breyttri samþykkt og vísar tillögunni til annarrar umræðu.

13. Nefndarskipan.

Fram var lögð svohljóðandi tillaga að breyttri nefndarskipan:

- Salóme Þóra Valdimarsdóttir og Karl Pálmason taki sæti í fræðslunefnd Mýrdalshrepps, í stað Íris Mjallar Valdimarsdóttur og Ingibjargar Lárusdóttur.
- Anna Jónsdóttir taki sæti aðalmanns í menningarmálanefnd, í stað Viðars Jónssonar.
- Viðar Jónsson taki sæti varamanns í umhverfisnefnd, í stað Önnu Jónsdóttur.
- Anna Birna Björnsdóttir taki sæti formanns í íþrótt- og tómstundanefnd, í stað Sigurðar Elíasar Guðmundssonar sem viku út nefndinni.
- Katrín Waagfjörð taki sæti aðalmanns í íþrótt- og tómstundanefnd og í stað hennar sem varamanns komi Drífa Bjarnadóttir.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna, RH situr hjá.

14. Svæðisskipulag Suðurlandis.

Fram var lagt minnisblað frá starfshóp SASS um gerð svæðisskipulags fyrir Suðurlandið. Í minnisblaðinu er óskað eftir afstöðu sveitarstjórna við þátttöku í verkefninu og lagt til að sveitarfélögin heimili SASS að ganga til samninga við EFLU á grunni kostnaðaráætlunar sem lögð var fram.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir að taka þátt í svæðisskipulaginu á forsendum sem gefnar eru í minnisblaðinu og tilnefni Einar Frey Elínarson og Pál Tómasson sem aðalmenn í starfshóp verkefnisins og Inga Mía Björnsson og Ragnheiði Högnadóttur til vara.

15. Rekstrarafkoma Mýrdalshrepps.

Fram var lögð til kynningar rekstrarafkoma Mýrdalshrepps fyrstu 7 mánuði ársins, samanborið við fjárhagsáætlun 2019.

16. Smölun í Fellsheiði.

Fram var lögð tillaga um að smalamennskur í Fellsheiði verði skipulagðar á grundvelli 23. gr. fjallskilasamþykktar Vestur-Skaftafellssýslu. Áætlaðir eru 8 menn í fyrsta safn og 4 í annað safn. Smalamenskum skal lokið eigi síðar en 25. október.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra framgang málsins í samráði við fjallskilanefnd vestari.

17. Fundargerðir til kynningar.

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 68. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 22. ágúst 2019.

Fundargerð 69. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 12. september 2019.

Fundargerð 4. fundar Skógasafns, haldinn 8. ágúst 2019, ásamt ársreikningi og ársskýrslu Skógasafns fyrir árið 2018.

Fundargerð 548. fundar stjórnar SASS, haldinn 16. ágúst 2019.

Fundargerð stjórnar Bergrisans, haldinn 26. ágúst 2019.

Fundargerð 873. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 30. ágúst 2019.


18. Kynningarefni.

Fram var lagt til kynningar bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, dags. 2. september 2019, vegna ályktunar um heimavist við Fjölbrautaskóla Suðurlands.


Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:50




Einar Freyr Elínarson, oddviti



Ingi Már Björnsson



Drífa Bjarnadóttir



Ragnheiður Högnadóttir



Páll Tómasson